

Tilvísun í mál: VRN07050004

Alþingi
Erindi nr. Þ 134/17
komudagur 11.6.2007

Fw: Athugasemdir við frumvarp til laga um verðbréfiðskipti, frumvarp til laga um kauphallir og frumvarp til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Málsnúmer: VRN07050004

Búið til: 06/11/2007 12:00:00 AM

Ábyrgur: Haraldur Örn Ólafsson

	Viðskiptaráðuneyti	
	Minnisblað	

Eftirfylgni	Áskriftir:
Sendu eftirfylgni á:	

Breytingar á skjali

Höfundur

11.06.2007 10:16:00 - Haraldur Örn Ólafsson/IVR/NotesSTJR

Dagsetning - Starfsmaður - Staða - Fjöldi vistana

11.06.2007 - Haraldur Örn Ólafsson/IVR/NotesSTJR - Í vinnslu - 8

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**

Sendandi: **Viðskiptaráðuneytið**

Dagsetning: **11.06.2007**

Málsnúmer: **VRN07050004**

Bréfalykill: **54.010**

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, frumvarp til laga um kauphallir og frumvarp til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tilmæli ráðherra:

Texti:

Viðskiptaráðuneytið vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Viðskiptanefnd Alþingis vegna umsagna um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, frumvarp til laga um kauphallir og frumvarp til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Breytingatillaga ráðuneytisins á frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti:

Lagt er til að 2. tölul. 79. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Þriðji aðili fer tímabundið með *gegn endurgjaldi* á grundvelli samkomulags við viðkomandi aðila,

Við vinnslu frumvarpsins féllu orðin „gegn endurgjaldi” niður fyrir mistök. Greindur töluliður innleiðir b-lið 10. gr. gagnsæistilskipunarinnar og þar koma orðin „gegn endurgjaldi” skýrt fram.

Athugasemd FME varðandi 10. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Ráðuneytið telur ákvæðið fyllilega skýrt eins og það er. Bent er á að heimilt er að kveða nánar á um varðveislu gagna í reglugerð skv. 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið er hins vegar ekki mótfallið tillögunni ef hún þykir skýra ákvæðið frekar.

Athugasemd FME varðandi 11. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Ráðuneytið telur að tilvísun frumvarpsins í “skriflegt samþykki” sé skýrari en tillaga FME um “ótvírætt samþykki”. Ráðuneytið er hins vegar ekki mótfallið tillögunni ef hún þykir skýra ákvæðið frekar.

Athugasemd FME varðandi 99. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Ráðuneytið telur rétt að beðið verði með endurskoðun á gildissviðsákvæði yfirtökukafla. Heildstæð endurskoðun lagaákvæða um yfirtökutilboð stendur fyrir dyrum og er rétt að athugasemd þessi verði tekin til skoðunar við þá vinnu.

Athugasemd FME varðandi ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti

Fjármálaeftirlitið hefur opinberlega túlkað 37. gr. laga um verðbréfavíðskipti

þannig að tilboðsskylda taki ekki til þeirra tilvika þegar einn aðili eða þeir sem hann er í samstarfi við hafa yferráð í félagi við skráningu á skipulegan verðbréfamarkað, enda hafi slík yferráð verið gerð opinber við skráninguna. Leiki vafi á því af hálfu FME að sambærilegri túlkun verði beitt um þá aðila sem hafa farið með yferráð í félagi frá því fyrir gildistöku laga nr. 33/2003 og laga nr. 31/2005 þá leggur ráðuneytið til að eftirfarandi ákvæðum verði bætt við frumvarpið:

Ákvæði til bráðabirgða.

IV.

Nú átti eigandi hlutafjár meira en 40% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði **1. júlí 2003** og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. **100. gr.** laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta **margfeldi af fimm**. Sama gildir hafi aðili á grundvelli sammings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 40% atkvæða í félaginu **1. júlí 2003**.

Ákvæði til bráðabirgða.

V.

Nú fór aðili **1. júlí 2005** með yferráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. **100. gr.** laganna og er hann þá ekki tilboðsskyldur við gildistöku laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta **margfeldi af fimm**.

Athugasemd FME varðandi lög nr. 55/2007

Réttilega er bent á af hálfu FME að athugasemdir með frumvörpunum vísa ekki til laga nr. 55/2007. Ekki voru tók á að breyta frumvörpunum að þessu leyti áður en þau voru lögð fram á yfirstandandi þingi.

Athugasemd FME varðandi 30. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

Lagt er til að ráðherra verði falið að ákveða innihald tilkynninga skv. 30. gr. í reglugerð eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með slíku fyrirkomulagi gefst meiri sveigjanleiki til að hafa fyrirkomulag tilkynninga í samræmi við það sem gerist í helstu nágrannaríkjum.

Athugasemd FME varðandi 31. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

Tillagan virðist lúta að röð upptalningarinnar í greininni. Ekki verður séð að tillagan skýri ákvæðið.

Athugasemd FME varðandi 3. mgr. 8. gr. frumvarps til laga um kauphallir.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða. Ekki verður séð að tillagan skýri ákvæðið frekar.

Athugasemd FME varðandi gagnsæi í frumvarpi til laga um kauphallir

FME gerir athugasemd við að ekki sé kveðið á um gagnsæi í störfum þess í

frumvarpinu. Ráðuneytið bendir á að FME kom að vinnu við frumvarpið og gerði ekki slíka athugasemd við þá vinnu.

Athugasemd FME varðandi 1. gr. a í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Ráðuneytið hefur haft að leiðarljósi við gerð frumvarpana að efni þeirra sé í sem mestu samræmi við þær tilskipanir sem verið er að innleiða og löggjöf nágrannaríkja, og þá einkum Norðurlandanna. Tillaga þessi er ekki í samræmi við A. lið I. viðauka MiFID tilskipunarinnar né frumvörp til innleiðingar MiFID tilskipunarinnar á hinum Norðurlöndunum. Ráðuneytið telur tekur því ekki undir tillöguna.

Athugasemdir FME varðandi 1. gr. b. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

a) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki hefjist þannig: *“Aðilar þessir falla ekki undir gildissvið laganna:”*

b) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að 7. tl. verði felldur út.

c) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að í 10. tl. verði orðalagið “að versla fyrir eigin reikning” verið breytt í “að eiga viðskipti fyrir eigin reikning”.

Athugasemdir FME varðandi 2. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

a) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að í a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo: *“6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verðbréfamiðlun skv. a-og/eða d-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.”*.

b) liður. Tekið er undir þessa athugasemd. Lagt er til að b. liður 2. gr. frumvarpsins verði felldur niður en um leið færður inn í frumvarp til laga um kauphallir sem 4. mgr. 4. gr.

c) liður. Fallist er á þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 3. og 4. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

a) liður. Tekið er undir þessa tillögu FME.

b) liður. Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 6. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum

um fjármálafyrirtæki o.fl.

a) liður. Ekki er tekið undir þessa athugasemd. Vísað er til umfjöllunar um 1. gr. a.

b) liður. Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 7. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins þá samræmist það ekki tilskipun 2006/49/EB að verðbréfamiðlun með heimild til viðskipta fyrir eigin reikning hafi eigið fé upp á 125 þúsund evrur. Er Viðskiptanefnd Alþingis bent á að leita eftir sjónarmiðum SFF um þetta atriði.

Athugasemd FME varðandi 8. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 9. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessar tillögur FME. Lagt er til að 1. mgr. b. liðar verði 6. mgr. 11. gr. kauphallarlaga.

Athugasemdir FME varðandi 10 gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 12. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemd FME varðandi gagnsæi í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

FME gerir athugasemd við að ekki sé kveðið á um gagnsæi í störfum þess í frumvarpinu. Ráðuneytið bendir á að FME kom að vinnu við frumvarpið og gerði ekki slíka athugasemd við þá vinnu.

Athugasemd OMX varðandi 77. gr. í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti.

OMX og SFF leggja til að við 77. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein (4. mgr.) er heimili útgefendum með skráða starfsstöð í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins

að veita hliðstæðar upplýsingar um hluti og flöggunarkafllinn mælir fyrir um í samræmi við bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis útgefandans.

Rök OMX og SFF lúta að nauðsyn þess að gera félögum sem þegar eru skráð í kauphöll utan Evrópska efnahagssvæðisins kleift að skrá hluti sína einnig í íslenskri kauphöll, svonefnd tvískráning, án þess að falla undir tvöfalt regluverk. Máli sínu til stuðnings vísa OMX og SFF m.a. til reglugerðarheimildar í 2. mgr. 99. gr. frumvarpsins í kaflanum um yfirtökutilboð.

Afstaða ráðuneytisins til tvískráninga er jákvæð og er ráðuneytið tilbúið að leggja sitt af mörkum til slík skráning hérlendis verði fýsilegur kostur fyrir erlend félög. Að þessu sögðu er óhjákvæmilegt að minna á í þessum málaflokki hefur ráðuneytið ekki sjálfðæmi um uppbyggingu reglnanna heldur er skuldbundið af EES-samningnum til að innleiða gerðir Evrópusambandsins, í þessu tilviki tilskipun 2004/109/EB (gagnsæistilskipun).

Í gagnsæistilskipuninni er gildissviðið mjög skýrt afmarkað og ná ákvæði hennar, þ. á m. flöggunarreglurnar, til allra útgefenda sem gefa út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í vissum tilvikum eru heimilaðar undanþágur gagnvart útgefendum með skráða starfsstöð í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og tekur frumvarpið í öllum tilvikum tillit til þeirra undanþága.

Að mati ráðuneytisins veitir breytingatillaga OMX og SFF mun viðtækari undanþágur tilskipunin heimilar. Að mati ráðuneytisins er Íslandi ekki heimilt að ákveða slíkar undanþágur með sjálfstæðum hætti. Af þeim sökum telur ráðuneytið ekki forsendur til að fallast á breytingatillögu OMX og SFF.

Athugasemdir OMX varðandi 4. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tvær vikur sé of skammur frestur. Ráðuneytið leggur því til að frumvarpið verði óbreytt.

Athugasemd OMX varðandi 10. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Varðandi 2. tl. Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Varðandi 3. tl. Ráðuneytið telur miðað við íslenska lagahefð að þá sé eðlilegt að kveða á um að kauphöll “tryggi öruggan rekstur” í staðinn fyrir að hún “geri ráðstafanir sem miði að traustum rekstri”. Slíkt orðalag er nægilega skýrt að mati ráðuneytisins.

Varðandi 4. tl. Ráðuneytið telur með sama hætti eðlilegt að kveða á um að kauphöll tryggi örugg viðskipti í stað þess að hún “geri ráðstafanir sem miði að” slíku.

Varðandi 6. tl. Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 21. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið bendir á að orðalag 21. gr. frumvarpsins er samhljóða 11. gr. núgildandi laga 34/1998. Umfjöllun MiFID um “disorderly trading” hefur víðtæka skírskotun og verður að telja að orðalag frumvarpsins falli fel að því. Er því lagt til að frumvarpið verði óbreytt.

Athugasemd OMX varðandi 22. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 24. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 28. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 32. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Tekið er undir þessa athugasemd OMX. Lagt er til að frumvarpinu verði breytt eins og lagt er til í athugasemdinni.

Athugasemd LMFÍ varðandi 15. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Ákvæði 15. gr. frumvarpsins nær bæði til fagfjárfesta og almennra fjárfesta. Í 10. tölul. 1. mgr. 26. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli setja nánari reglur í þessu sambandi. Í 2. mgr. 26. gr. er kveðið á um að þær reglur skuli taka mið af því hvort fjármálafyrirtæki á í viðskiptum við fagfjárfesti eða almennan fjárfesti. Í athugasemdum við 15. gr. er kemur fram að nánari útfærsla þessara reglna byggji á 35. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Þar kemur fram að fjármálafyrirtæki sé heimilt að líta svo á að fagfjárfestir hafi nægjanlega þekkingu og fjárhagslegan styrk í vissum tilvikum. Í slíkum tilvikum er fjármálafyrirtæki því ekki skylt að afla viðkomandi upplýsinga eða framkvæma viðkomandi mat. Ekki er því ástæða til að breyta orðalagi frumvarpsins.

Athugasemd LMFÍ varðandi 21. og 22. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ýmis ákvæði II. kafla verði útfærð nánar í reglugerð sem ráðherra setji. Er gert ráð fyrir að með reglugerð þeirri verði innleidd ákvæði tilskipunar 2006/73/EB. Í þeim reglum er víða gerður greinarmunur á réttarvernd viðskiptavina fjármálafyrirtækja eftir því hvort um almenna fjárfesta er að ræða eða fagfjárfesta. Sérstaklega er kveðið á um í 2. mgr. 26. gr. frumvarpsins að í reglugerð skulu taka mið af því hvort um fagfjárfesta eða almenna fjárfesta er að ræða. Ekki verður séð að þörf sé á að taka sérstaklega fram að fjármálafyrirtæki skuli haga ráðgjöf sinni og upplýsingagjöf gagnvart viðskiptavinum í samræmi við stöðu hans.

Athugasemd LMFÍ varðandi 20. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

Þar sem einkaumboðsmenn geta bæði verið einstaklingar og lögaðilar er tekið undir athugasemd LMFÍ að laga megi orðalag 3. mgr. 20. gr. Lagt er til að ákvæðið verði orðað þannig:

Einkaumboðsmaður skal hafa staðist próf í verðbréfiðskiptum. Ef einkaumboðsmaður er lögaðili skal framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafa staðist próf í verðbréfiðskiptum.

Athugasemd LMFÍ varðandi 68. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

Að mati LMFÍ þarfnast 1. mgr. 68. gr. um opinbera birtingu upplýsinga um útgáfu nýrra lána frekari skýringa við. Alls óljóst sé hvort hvers kyns lántaka falli undir ákvæðið auk þess sem ekki sé ljóst hvaða upplýsingar eigi birta í þessu sambandi.

Ráðuneytið getur verið sammála LMFÍ um að orðalag ákvæðisins er vissulega nokkuð opið. Hins vegar er ákvæði 3. mgr. 16. gr. gagnsæistilskipunarinnar um skyldu útgefanda verðbréfa til að birta án tafar opinberlega upplýsingar um útgáfu nýrra lána er mjög afdráttarlaust. Sérstaklega er nefnt að útgefandi skuli geta sérstaklega um ábyrgðir eða tryggingar vegna þeirra. Samkvæmt tilskipuninni er það ekki skilyrði fyrir veitingu upplýsinganna að hin nýju lán hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Að mati ráðuneytisins er það skiljanlegt þar sem markmið upplýsingaskyldunnar er að gera fjárfestum kleift að meta greiðslugetu útgefandans. Ber að hafa framangreint í huga við túlkun ákvæðisins.

Athugasemd LMFÍ varandi 70. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

LMFÍ bendir á efnislega samsvörun 1. og 2. mgr. 70. gr. við hlutafélagalöggjöfina og leggur til að þessar málsgreinar verði felldar niður.

Ráðuneytinu er ljóst að 1. og 2. mgr. 70. gr., sem innleiða 1. og 2. mgr. 17. gr. gagnsæistilskipunarinnar, eiga sér samsvörun í íslenskri hlutafélagalöggjöf. Að jafnaði myndi það þýða að óþarfi væri að innleiða greind ákvæði sérstaklega í íslenska löggjöf. Í þessu tilviki væri það hins vegar ekki fullnægjandi þar sem gildissvið frumvarpsins nær einnig til útgefanda hluta (hlutafélaga) með skráða

skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Um þessa útgefendur gilda hlutafélagareglur ríkisins þar sem skráð skrifstofa þeirra er en ekki íslenskar hlutafélagareglur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að hafa efnisreglur 1. og 2. mgr. 70. gr. í frumvarpinu þótt þeim sé einkum beint að útgefendum með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins en ekki þeim íslensku.

Athugasemd LMFÍ varðandi 38. gr. frumvarps til laga um kauphallir.

Með lögum nr. 55/2007 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði voru gerðar nokkrar breytingar á núgildandi lögum nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða. Meðal annars sett ákvæði í 48. gr. laganna um opinbera rannsókn og kærur. Er ákvæði 38. gr. frumvarpsins samhljóða 48. gr. núgildandi laga og er því ekki um breytingu að ræða á gildandi lögum.

Athugasemd LMFÍ varðandi 32. og 37. gr. frumvarps til laga um kauphallir.

Í umsögn LMFÍ kemur fram gagnrýni á að gert sé ráð fyrir því í frumvarpi til kauphallarlaga að stjórnvaldssektum og refsingum sé beitt vegna brota á lögnum óháð því hvort að brot er framið af ásetningi eða gáleysi, sbr. 32. og 37. gr. frumvarpsins. Einkum telur félagið þetta óheppilegt þegar refsing liggur við broti á ákvæðum sem geta talist til vísireglna.

Ákvæði frumvarpsins eru að þessu leyti óbreytt frá ákvæðum núgildandi laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, eins og þeim var breytt á vorþingi með lögum nr. 55/2007. Við þinglega meðferð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 55/2007 og systurfrumvarps þess til breytinga á viðurlagaákvæðum samkeppnislaga spannst nokkur umræða um það hvort að gera ætti mun á brotum frömdum af ásetningi og gáleysi. Niðurstaðan varð sú að gera ekki mun á þessu og gera núgildandi lög því ráð fyrir að unnt sé að leggja refsingar á aðila óháð því hvort að brot er framið af ásetningi eða gáleysi. Því er ekki um að ræða efnisbreytingu og er frumvarpið því í samræmi við viðurlagaákvæði allra laga á fjármálamarkaði og samkeppnislaga að þessu leyti.

Athugasemd Seðlabanka Íslands við 19. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Tekið er undir þessa tillögu Seðlabanka Íslands. Lagt er til að 2. mgr. 19. gr. í frumvarpinu verði gerð að sjálfstæðri grein aftast í IV. kafla. Heiti kaflans verði “Aðild að skipulegum verðbréfamarkaði o.fl.”.

Upplýsingar Viðskiptaráðuneytis til Viðskiptanefndar um innleiðingu gagnsæistilskipunarinnar:

VII.-IX. kafli frumvarpsins innleiða gagnsæistilskipunina og geyma kaflarnir engin „séríslensk“ ákvæði.

Viðmiðunarmörk flöggunarskyldu eru þremur fleiri í frumvarpinu en í tilskipuninni þ.e. 35%, 40% og 90% mörkum er bætt við.

Þrennir tímafrestrir eru hafði þrengri í frumvarpinu en í tilskipuninni: 1) Frestur flöggunarskylds aðila til að tilkynna útgefanda, 2) frestur útgefanda til að birta opinberlega upplýsingar í flöggunartilkyningu og 3) frestur útgefanda til að birta upplýsingar vegna öflunar eða ráðstöfunar á eigin hlutum.

Í fjórum tilvikum heimilar gagnsæistilskipunin val. Í tveimur tilvikum var ákveðið að nýta heimildina, þ.e. varðandi þrengri tímafrestrir og undanþágu útgefanda sem þegar var á skipulegum verðbréfamarkaði 31. desember 2003 og eingöngu gefur út skuldabréf sem ríki eða sveitarfélag ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega. Eftirtaldir valkostir voru ekki nýttir: 1) Heimild til að undanþiggja útgefendur afar stórra skuldabréfa ákvæðum um árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og 2) heimild til að undanþiggja útgefendur sem þegar voru á skipulegum verðbréfamarkaði 1. janúar 2005 frá ákvæðum um árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins í 10 ár.

Viðskiptaráðuneytið vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Viðskiptanefnd Alþingis vegna umsagna um frumvarp til laga um verðbréfiðskipti, frumvarp til laga um kauphallir og frumvarp til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Breytingatillaga ráðuneytisins á frumvarpi til laga um verðbréfiðskipti:

Lagt er til að 2. tölul. 79. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Þriðji aðili fer tímabundið með *gegn endurgjaldi* á grundvelli samkomulags við viðkomandi aðila,

Við vinnslu frumvarpsins féllu orðin „gegn endurgjaldi” niður fyrir mistök. Greindur töluliður innleiðir b-lið 10. gr. gagnsæistilskipunarinnar og þar koma orðin „gegn endurgjaldi” skýrt fram.

Athugasemd FME varðandi 10. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

Ráðuneytið telur ákvæðið fyllilega skýrt eins og það er. Bent er á að heimilt er að kveða nánar á um varðveislu gagna í reglugerð skv. 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið er hins vegar ekki mótfallið tillögunni ef hún þykir skýra ákvæðið frekar.

Athugasemd FME varðandi 11. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

Ráðuneytið telur að tilvísun frumvarpsins í “skriflegt samþykki” sé skýrari en tillaga FME um “ótvírætt samþykki”. Ráðuneytið er hins vegar ekki mótfallið tillögunni ef hún þykir skýra ákvæðið frekar.

Athugasemd FME varðandi 99. gr. frumvarps til laga um verðbréfiðskipti.

Ráðuneytið telur rétt að beðið verði með endurskoðun á gildissviðsákvæði

yfirtökukafla. Heildstæð endurskoðun lagaákvæða um yfirtökutilboð stendur fyrir dyrum og er rétt að athugasemd þessi verði tekin til skoðunar við þá vinnu.

Athugasemd FME varðandi ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti

Fjármálaeftirlitið hefur opinberlega túlkað 37. gr. laga um verðbréfavíðskipti þannig að tilboðsskylda taki ekki til þeirra tilvika þegar einn aðili eða þeir sem hann er í samstarfi við hafa yfírráð í félagi við skráningu á skipulegan verðbréfamarkað, enda hafi slík yfírráð verið gerð opinber við skráninguna. Leiki vafi á því af hálfu FME að sambærilegri túlkun verði beitt um þá aðila sem hafa farið með yfírráð í félagi frá því fyrir gildistöku laga nr. 33/2003 og laga nr. 31/2005 þá leggur ráðuneytið til að eftirfarandi ákvæðum verði bætt við frumvarpið:

Ákvæði til bráðabirgða.

IV.

Nú átti eigandi hlutafjár meira en 40% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði **1. júlí 2003** og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. **100. gr.** laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta **margfeldi af fimm**. Sama gildir hafi aðili á grundvelli sammings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 40% atkvæða í félaginu **1. júlí 2003**.

Ákvæði til bráðabirgða.

V.

Nú fór aðili **1. júlí 2005** með yfírráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. **100. gr.** laganna og er hann þá ekki tilboðsskyldur við gildistöku laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta **margfeldi af fimm**.

Athugasemd FME varðandi lög nr. 55/2007

Réttilega er bent á af hálfu FME að athugasemdir með frumvörpunum vísa ekki til laga nr. 55/2007. Ekki voru tók á að breyta frumvörpunum að þessu leyti áður en þau voru lögð fram á yfirstandandi þingi.

Athugasemd FME varðandi 30. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Lagt er til að ráðherra verði falið að ákveða innihald tilkynninga skv. 30. gr. í reglugerð eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með slíku fyrirkomulagi gefst meiri sveigjanleiki til að hafa fyrirkomulag tilkynninga í samræmi við það sem gerist í helstu nágrannaríkjum.

Athugasemd FME varðandi 31. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Tillagan virðist lúta að röð upptalningarinnar í greininni. Ekki verður séð að tillagan skýri ákvæðið.

Athugasemd FME varðandi 3. mgr. 8. gr. frumvarps til laga um kauphallir.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða. Ekki verður séð að tillagan skýri ákvæðið frekar.

Athugasemd FME varðandi gagnsæi í frumvarpi til laga um kauphallir

FME gerir athugasemd við að ekki sé kveðið á um gagnsæi í störfum þess í frumvarpinu. Ráðuneytið bendir á að FME kom að vinnu við frumvarpið og gerði ekki slíka athugasemd við þá vinnu.

Athugasemd FME varðandi 1. gr. a í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Ráðuneytið hefur haft að leiðarljósi við gerð frumvarpana að efni þeirra sé í sem mestu samræmi við þær tilskipanir sem verið er að innleiða og löggjöf nágrannaríkja, og þá einkum Norðurlandanna. Tillaga þessi er ekki í samræmi við A. lið I. viðauka MiFID tilskipunarinnar né frumvörp til innleiðingar MiFID tilskipunarinnar á hinum Norðurlöndunum. Ráðuneytið telur tekur því ekki undir tillöguna.

Athugasemdir FME varðandi 1. gr. b. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

- a) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki hefjist þannig: *“Aðilar þessir falla ekki undir gildissvið laganna.”*
- b) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að 7. tl. verði felldur út.
- c) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að í 10. tl. verði orðalagið “að versla fyrir eigin reikning” verð breytt í “að eiga viðskipti fyrir eigin reikning”.

Athugasemdir FME varðandi 2. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

- a) liður. Tekið er undir þessa athugasemd FME. Lagt er til að í a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo: *“6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verðbréfamiðlun skv. a- og/eða d-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.”*.
- b) liður. Tekið er undir þessa athugasemd. Lagt er til að b. liður 2. gr. frumvarpsins verði felldur niður en um leið færður inn í frumvarp til laga um kauphallir sem 4. mgr. 4. gr.
- c) liður. Fallist er á þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 3. og 4. gr. í frumvarpi til breytinga á

lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

a) liður. Tekið er undir þessa tillögu FME.

b) liður. Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 6. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

a) liður. Ekki er tekið undir þessa athugasemd. Vísað er til umfjöllunar um 1. gr. a.

b) liður. Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 7. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins þá samræmist það ekki tilskipun 2006/49/EB að verðbréfamiðlun með heimild til viðskipta fyrir eigin reikning hafi eigið fé upp á 125 þúsund evrur. Er Viðskiptanefnd Alþingis bent á að leita eftir sjónarmiðum SFF um þetta atriði.

Athugasemd FME varðandi 8. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 9. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessar tillögur FME. Lagt er til að 1. mgr. b. liðar verði 6. mgr. 11. gr. kauphallarlaga.

Athugasemdir FME varðandi 10 gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemdir FME varðandi 12. gr. í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Tekið er undir þessa tillögu FME.

Athugasemd FME varðandi gagnsæi í frumvarpi til breytinga á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

FME gerir athugasemd við að ekki sé kveðið á um gagnsæi í störfum þess í

frumvarpinu. Ráðuneytið bendir á að FME kom að vinnu við frumvarpið og gerði ekki slíka athugasemd við þá vinnu.

Athugasemd OMX varðandi 77. gr. í frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti.

OMX og SFF leggja til að við 77. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein (4. mgr.) er heimili útgefendum með skráða starfsstöð í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að veita hliðstæðar upplýsingar um hluti og flöggunarkaflinn mælir fyrir um í samræmi við bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis útgefandans.

Rök OMX og SFF lúta að nauðsyn þess að gera félögum sem þegar eru skráð í kauphöll utan Evrópska efnahagssvæðisins kleift að skrá hluti sína einnig í íslensku kauphöll, svonefnd tvískráning, án þess að falla undir tvöfalt regluverk. Máli sínu til stuðnings vísa OMX og SFF m.a. til reglugerðarheimildar í 2. mgr. 99. gr. frumvarpsins í kaflanum um yfirtökutilboð.

Afstaða ráðuneytisins til tvískráninga er jákvæð og er ráðuneytið tilbúið að leggja sitt af mörkum til slíkrar skráningu hérlandis verði fýsilegur kostur fyrir erlend félög. Að þessu sögðu er óhjákvæmilegt að minna á í þessum málaflokki hefur ráðuneytið ekki sjálfðæmi um uppbyggingu reglnanna heldur er skuldbundið af EES-samningnum til að innleiða gerðir Evrópusambandsins, í þessu tilviki tilskipun 2004/109/EB (gagnsæistilskipun).

Í gagnsæistilskipuninni er gildissviðið mjög skýrt afmarkað og ná ákvæði hennar, þ. á m. flöggunarreglurnar, til allra útgefenda sem gefa út verðbréf sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í vissum tilvikum eru heimilaðar undanþágur gagnvart útgefendum með skráða starfsstöð í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og tekur frumvarpið í öllum tilvikum tillit til þeirra undanþága.

Að mati ráðuneytisins veitir breytingatillaga OMX og SFF mun víðtækari undanþágur tilskipunin heimilar. Að mati ráðuneytisins er Íslandi ekki heimilt að ákveða slíkar undanþágur með sjálfstæðum hætti. Af þeim sökum telur ráðuneytið ekki forsendur til að fallast á breytingatillögu OMX og SFF.

Athugasemdir OMX varðandi 4. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tvær vikur sé of skammur frestur. Ráðuneytið leggur því til að frumvarpið verði óbreytt.

Athugasemd OMX varðandi 10. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Varðandi 2. tl. Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Varðandi 3. tl. Ráðuneytið telur miðað við íslenska lagahefð að þá sé eðlilegt að

kveða á um að kauphöll “tryggi öruggan rekstur” í staðinn fyrir að hún “geri ráðstafanir sem miði að traustum rekstri”. Slíkt orðalag er nægilega skýrt að mati ráðuneytisins.

Varðandi 4. tl. Ráðuneytið telur með sama hætti eðlilegt að kveða á um að kauphöll tryggi örugg viðskipti í stað þess að hún “geri ráðstafanir sem miði að” slíku.

Varðandi 6. tl. Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 21. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið bendir á að orðalag 21. gr. frumvarpsins er samhljóða 11. gr. núgildandi laga 34/1998. Umfjöllun MiFID um “disorderly trading” hefur víðtæka skírskotun og verður að telja að orðalag frumvarpsins falli fel að því. Er því lagt til að frumvarpið verði óbreytt.

Athugasemd OMX varðandi 22. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 24. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 28. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Ráðuneytið telur að tillaga þessi sé ekki til að skýra ákvæðið frekar og mælir því ekki með henni.

Athugasemd OMX varðandi 32. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Tekið er undir þessa athugasemd OMX. Lagt er til að frumvarpinu verði breytt eins og lagt er til í athugasemdinni.

Athugasemd LMFÍ varðandi 15. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Ákvæði 15. gr. frumvarpsins nær bæði til fagfjárfesta og almennra fjárfesta. Í 10. tölul. 1. mgr. 26. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli setja nánari reglur í þessu sambandi. Í 2. mgr. 26. gr. er kveðið á um að þær reglur skuli taka mið af því hvort fjármálafyrirtæki á í viðskiptum við fagfjárfesti eða almennan fjárfesti. Í athugasemdum við 15. gr. er kemur fram að nánari útfærsla þessara reglna byggja á 35. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Þar kemur fram að fjármálafyrirtæki sé heimilt að líta svo á að fagfjárfestir hafi nægjanlega þekkingu

og fjárhagslegan styrk í vissum tilvikum. Í slíkum tilvikum er fjármálafyrirtæki því ekki skylt að afla viðkomandi upplýsinga eða framkvæma viðkomandi mat. Ekki er því ástæða til að breyta orðalagi frumvarpsins.

Athugasemd LMFÍ varðandi 21. og 22. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ýmis ákvæði II. kafla verði útfærð nánar í reglugerð sem ráðherra setji. Er gert ráð fyrir að með reglugerð þeirri verði innleidd ákvæði tilskipunar 2006/73/EB. Í þeim reglum er víða gerður greinarmunur á réttarvernd viðskiptavina fjármálafyrirtækja eftir því hvort um almenna fjárfesta er að ræða eða fagfjárfesta. Sérstaklega er kveðið á um í 2. mgr. 26. gr. frumvarpsins að í reglugerð skulu taka mið af því hvort um fagfjárfesta eða almenna fjárfesta er að ræða. Ekki verður séð að þörf sé á að taka sérstaklega fram að fjármálafyrirtæki skuli haga ráðgjöf sinni og upplýsingagjöf gagnvart viðskiptavinum í samræmi við stöðu hans.

Athugasemd LMFÍ varðandi 20. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Þar sem einkaumboðsmenn geta bæði verið einstaklingar og lögaðilar er tekið undir athugasemd LMFÍ að laga megi orðalag 3. mgr. 20. gr. Lagt er til að ákvæðið verði orðað þannig:

Einkaumboðsmaður skal hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Ef einkaumboðsmaður er lögaðili skal framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.

Athugasemd LMFÍ varðandi 68. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

Að mati LMFÍ þarfnast 1. mgr. 68. gr. um opinbera birtingu upplýsinga um útgáfu nýrra lána frekari skýringa við. Alls óljóst sé hvort hvers kyns lántaka falli undir ákvæðið auk þess sem ekki sé ljóst hvaða upplýsingar eigi birta í þessu sambandi.

Ráðuneytið getur verið sammála LMFÍ um að orðalag ákvæðisins er vissulega nokkuð opið. Hins vegar er ákvæði 3. mgr. 16. gr. gagnsæistilskipunarinnar um skyldu útgefanda verðbréfa til að birta án tafar opinberlega upplýsingar um útgáfu nýrra lána er mjög afdráttarlaust. Sérstaklega er nefnt að útgefandi skuli geta sérstaklega um ábyrgðir eða tryggingar vegna þeirra. Samkvæmt tilskipuninni er það ekki skilyrði fyrir veitingu upplýsinganna að hin nýju lán hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Að mati ráðuneytisins er það skiljanlegt þar sem markmið upplýsingaskyldunnar er að gera fjárfestum kleift að meta greiðslugetu útgefandans. Ber að hafa framangreint í huga við túlkun ákvæðisins.

Athugasemd LMFÍ varandi 70. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti.

LMFÍ bendir á efnislega samsvörun 1. og 2. mgr. 70. gr. við hlutafélagalöggjöfina

og leggur til að þessar málsgreinar verði felldar niður.

Ráðuneytinu er ljóst að 1. og 2. mgr. 70. gr., sem innleiða 1. og 2. mgr. 17. gr. gagnsæistilskipunarinnar, eiga sér samsvörun í íslenskri hlutafélagalöggjöf. Að jafnaði myndi það þýða að óþarfi væri að innleiða greind ákvæði sérstaklega í íslenska löggjöf. Í þessu tilviki væri það hins vegar ekki fullnægjandi þar sem gildissvið frumvarpsins nær einnig til útgefenda hluta (hlutafélaga) með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Um þessa útgefendur gilda hlutafélagareglur ríkisins þar sem skráð skrifstofa þeirra er en ekki íslenskar hlutafélagareglur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að hafa efnisreglur 1. og 2. mgr. 70. gr. í frumvarpinu þótt þeim sé einkum beint að útgefendum með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins en ekki þeim íslensku.

Athugasemd LMFÍ varðandi 38. gr. frumvarps til laga um kauphallir.

Með lögum nr. 55/2007 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði voru gerðar nokkrar breytingar á nógildandi lögum nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða. Meðal annars sett ákvæði í 48. gr. laganna um opinbera rannsókn og kærur. Er ákvæði 38. gr. frumvarpsins samhljóða 48. gr. nógildandi laga og er því ekki um breytingu að ræða á gildandi lögum.

Athugasemd LMFÍ varðandi 32. og 37. gr. frumvarps til laga um kauphallir.

Í umsögn LMFÍ kemur fram gagnrýni á að gert sé ráð fyrir því í frumvarpi til kauphallarlaga að stjórnvaldssektum og refsingum sé beitt vegna brota á lögunum óháð því hvort að brot er framið af ásetningi eða gáleysi, sbr. 32. og 37. gr. frumvarpsins. Einkum telur félagið þetta óheppilegt þegar refsing liggur við broti á ákvæðum sem geta talist til vísireglna.

Ákvæði frumvarpsins eru að þessu leyti óbreytt frá ákvæðum nógildandi laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, eins og þeim var breytt á vorþingi með lögum nr. 55/2007. Við þinglega meðferð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 55/2007 og systurfrumvarps þess til breytinga á viðurlagaákvæðum samkeppnislaga spannst nokkur umræða um það hvort að gera ætti mun á brotum frömdum af ásetningi og gáleysi. Niðurstaðan varð sú að gera ekki mun á þessu og gera nógildandi lög því ráð fyrir að unnt sé að leggja refsingar á aðila óháð því hvort að brot er framið af ásetningi eða gáleysi. Því er ekki um að ræða efnisbreytingu og er frumvarpið því í samræmi við viðurlagaákvæði allra laga á fjármálamarkaði og samkeppnislaga að þessu leyti.

Athugasemd Seðlabanka Íslands við 19. gr. í frumvarpi til laga um kauphallir.

Tekið er undir þessa tillögu Seðlabanka Íslands. Lagt er til að 2. mgr. 19. gr. í frumvarpinu verði gerð að sjálfstæðri grein aftast í IV. kafla. Heiti kaflans verði “Aðild að skipulegum verðbréfamarkaði o.fl.”.

Upplýsingar Viðskiptaráðuneytis til Viðskiptanefndar um innleiðingu gagnsæistilskipunarinnar:

VII.-IX. kafli frumvarpsins innleiða gagnsæistilskipunina og geyma kaflarnir engin „séríslensk“ ákvæði.

Viðmiðunarmörk flöggunarskyldu eru þremur fleiri í frumvarpinu en í tilskipuninni þ.e. 35%, 40% og 90% mörkum er bætt við.

Þrennir tímafrestrir eru hafði þrengri í frumvarpinu en í tilskipuninni: 1) Frestur flöggunarskylds aðila til að tilkynna útgefanda, 2) frestur útgefanda til að birta opinberlega upplýsingar í flöggunartilkynningu og 3) frestur útgefanda til að birta upplýsingar vegna öflunar eða ráðstöfunar á eigin hlutum.

Í fjórum tilvikum heimilar gagnsæistilskipunin val. Í tveimur tilvikum var ákveðið að nýta heimildina, þ.e. varðandi þrengri tímafrestr og undanþágu útgefanda sem þegar var á skipulegum verðbréfamarkaði 31. desember 2003 og eingöngu gefur út skuldabréf sem ríki eða sveitarfélag ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega. Eftirtaldir valkostir voru ekki nýttir: 1) Heimild til að undanþiggja útgefendur afar stórra skuldabréfa ákvæðum um árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og 2) heimild til að undanþiggja útgefendur sem þegar voru á skipulegum verðbréfamarkaði 1. janúar 2005 frá ákvæðum um árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins í 10 ár.